

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Strandasýslu Skeiði 3, Hólmavík/Skeljavík



Dags eftirlits	18.6.2015	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Sorpsamlag Strandasýslu	Fulltrúi UST	
Heimili	Skeiði 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470786-1329	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Indriðason	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	377099,262 581129,16

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust í eftirlitinu. Tvær athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Samkvæmt útsendri dagskrá skyldi eftirlitið felast í eftirfarandi:

1. Staða eldri frávíka og athugasemda
2. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi
3. Skoðun á urðunarstaðnum, myndir teknar og samantekt.

Sest var yfir skoðun gagna á skrifstofu Sorpsamlags Strandasýslu á Hólmavík. Fram kom að starfsleyfið er að reynast rekstraraðila vel og líklega ekki ástæða til að endurskoða starfsleyfið á næsta ári eins og heimild er til í grein 1.9 í starfsleyfi. Um 350 tonn voru urðuð á síðasta ári.

Starfssemin er í góðum farvegi, og vöktunarskýrsla sem barst í desember sl. bendir til að áhrif urðunarstaðsins séu lítil á nánasta umhverfi sitt. Í Húsadalsá sem rennur skammt undan mælist lítil breyting á efnasamsetningu vatnssýna milli sýna sem tekin voru úr ánni ofan og neðan neðan við urðunarstaðinn. Varðandi fyrirspurn rekstraraðila um að minnka vöktun þ.e. að fækka sýnum og draga úr mælingum á þeim, þá lítur Umhverfisstofnun á að ekki hafi skapast grundvöllur til þess enn. Fyrsta vöktunarskýrslan bendir þó til að líta megi til þess í framtíðinni.

Urðunarstaðurinn er í afskekktri byggð og hefur undanþágu frá botnþéttingu og jarðfræðilegum tálma. Áætlanir um að lækka grunnvatnsstöðu með því að dreina svæðið ofan urðunarreina er í góðu samræmi við ákvæði í starfsleyfi um að ekki skuli urða neðan grunnvatnsyfirborðs.

Undanþága er frá söfnun sigvatns og frá söfnun hauggass.

Varðandi ákvæði í starfsleyfi um neyðaráætlun skal á það bent að urðunarstað Húnaþings vestra við Syðri-Kárastaði hefur verið lokað og því þarf að fá úr því skorið hvort samningur rekstraraðila við Húnaþing vestra sé enn í fullu gildi.

Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist. Fylgt er verklagsreglum um móttöku úrgangs gagnvart vindi. Verktakar hafa verið ráðnir til vorhreinsunar á fokefnum.

Rætt var um aðrar kröfur starfsleyfisins s.s. umhverfismarkmið, umhverfisstjórnunarkerfi og ásýnd urðunarstaðarins.

Nú hófst skoðun eftirlitsaðila og var gengið um vinnuaðstöðuna með Einari Indriðasyni fulltrúa rekstraraðila. Mikill timburúrgangur er á svæðinu, mest vörubretti. Einnig hefur safnast upp nokkuð af málmum. Skoðaðar voru urðunarreinar og önnur aðstaða á staðnum. Enginn laus úrgangur var á staðnum.

ATHUGASEMDIR

1. Bent var á að skoða þyrfti hvort samningi rekstraraðila við Húnaþing vestra verði framhaldið núna þegar urðunarstaðnum við Syðri Kárastaði hefur verið lokað.

2. Bent er á að þótt flest það sem fram kemur í grein 5.1 í starfsleyfi berist Umhverfisstofnun í vöktunarskýrslu annars vegar og í skýrslu um magn úrgangs hins vegar, þá er ákvæði 5.4 með því ekki að fullu uppfyllt. Halda skal vel utan um skráningar svo gögn vegna skýrslu sbr. ákvæði 5.4 geti borist fyrir almanaksárið þar á undan. Skýrsla skal berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hvert.

Reykjavík, 22.06.2015

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.